

## Réttað yfir kaupahéðnum dauða og tortímingar Örlög Almaza Samouni og ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs

Alþýðudómstóll til höfuðs vopnaframleiðendum hefur nú verið stofnsettur í Bandaríkjunum. Málflutningsmenn koma hvaðanæva að. Það eru samtökin „Heimur handan stríðs“ (World Beyond War), sem frumkvæðið tók. Hugmyndin er að sækja vopnaframleiðendur til saka eins og gert var í Nürnberg á sínum tíma.

Á sakamannabekknunum sitja fulltrúar Reytheon, Boeing, Lockheed-Martin og General Atomics. Brad Wolf frá „Friðaraðgerðasamtökunum“ (Peace Action Network), fyrrum saksóknari frá Pennsylvaníu, samhæfir. Þetta er sams konar dómstóll og hinn fangelsaði Reiner Füllmich stóð fyrir. Þá voru/eru lyfjaframleiður sóttir til saka. Hvorir tveggju starfa í nánun samstarfi við fjölmiðla og ríkisvald.

Hugmyndin var að fylgja stríðsáætlun Bandaríkjamanna gegn Múhamedstrúartríkjum í Vestur-Asíu, og því byrja á Írak. (Ísraelsk yfirvöld vildu að vísu, að Íran yrði fyrst.) Síðan kæmi röðin að hinum. Stríð Ísraela og Hams breytti þeirri áætlun.

Hvorki Bandaríkjamenn, né Ísraelar, hafa þorað gegn Íran enn þá – nema með kvenfrelsunarbyltingar auðvitað - en samherjarnir kynnu að gera bragarbót á til að frelsa konur með blæjur og allra handa kynhverfunga. Bandaríkin hafa nú umkringgt Miðausturlönd með herskipum. Kjarnorkuvopn um borð.

Svo kynni jafnvel að fara, að Ísraelsk yfirvöld yrðu dregin fyrir Alþjóðaglápadómstóllinn (ICC – International Criminal Court). Alla vega hafa fimm ríki farið fram á rannsókn á stríðsglæpum Ísraela: Suður-Afríka, Bangalades, Bolívía, Comoro eyjasambandið og Dibjúdí. Fleiri ríki skoða aðild.

Eins og allir ættu að vita, er vopnaðnaður víða mikilvæg atvinnugrein þeirra. Það kemur varla á óvart, að Bandaríkjamenn séu þar fremstir í flokki, enda rík þörf á að varðveita frelsi og lýðræði víðs vegar í veröldinni og verja smáríki eins og hið Íslenska, fyrir vörgunum, sem vilja það feigt. Bandarísk yfirvöld svara fyrir helming útgjalda heimsins til stríðsrekstrar.

Ísrael er framvörður bandarískrar heimsvaldastefnu í Miðausturlöndum. Bandarískir skattgreiðendur greiða um 500 dali árlega á hvern Ísraela til að stunda hernað. Ísraelska ríkið fær um þrjú milljarða (billion) dala á ári hverju til „varnarsveita“ sinna eins og kristilegir jafnaðarmenn á Íslandi kalla her landsins.

Um þessar mundir verja Ísraelar sig gegn Palestínunönnunum á Vesturbakkanunum, en þó heiftuðlegast á Gaza. Þetta er þó fráleitt fyrsta varnaraðgerð Ísraelsmanna á

sjávarströndinni. En nú skal ganga milli bols og höfuðs á óvininum, hvar sem hann kynni að leynast, á sjúkrahúsum og skólum jafnvel.

Í desember árið 2008 neyddust varnarsveitir Ísraels einnig að gera strandhögg á Gaza úr lofti, af láði og legi. Varnaraðgerðin (operation) hét Cast Lead. Eldi og eimyrju var látið rigna yfir ótætis óvinina – líka börnin eins og nú. Þar á meðal var telpuskinnið, Almaza Samouni. Fjölskylda hennar öll, þrjátíu manns, var sprengd í tætlur og brennd. Hvíta brunaduftið, sem brennir hold að beini, þótti viðeigandi vopn, þá eins og nú.

Í stríðshrjáðri veröld siðlausra illmenna kynni þó að vera ofurlítil vonarglæta, uppreisn almennings. En það er við ofurefli að etja; mannillsku, siðleysi og græðgi. Hlutabréf í vopnaðnaðarfyrirtækjunum taka stökk, drápsiðnaðurinn er gróðavænlegur í hinum frjálsa heimi lýðræðis og hugrekkis.

Titill pistilsins er sóttur til bókar H.C. Engelbrecht og F.C. Hanighen frá 1937: „Kaupmenn dauðans“ (Merchant's of Death).“ Hún var skrifuð í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar þingmannsins, Gerald Nye, sem fletti ofan af náinni samvinnu vopnaframleiðenda og stjórnámálanna, sem særðu Bandaríkjamenn til þátttöku í fyrstu heimstyrjöldinni, svo þeir mættu leggja undir sig Palestínu handa Gyðingum eða heimalandshreyfingu sumra þeirra (Zionista) öllu heldur.

Slátrunin á Gaza heldur áfram. Það er erfitt að henda reiður á áreiðanlegum tölum um mannfall. Yfirvöld á Gaza eru ein til frásagnar, en í Ísrael lifa enn sjálfstæðir fjölmiðlar, sem rýna í áróður yfirvalda.

Frá upphafi hefur verið ljóst, að varnarsveitir Ísraels drápu drjúgan hluta ísraelskra fórnarlamba við árásirnar á samyrkjubúin (Hannibal tilskipunin), sem beint var gegn Hamas. Fjöldinn er þó talin umtalsvert lægri en fyrstu tölur gáfu til kynna, þ.e. 1400. Það er varhugavert að treysta upplýsingum frá stríðsaðiljum.

Franski blaðamaðurinn, Thierry Meyssan: „Við í Vestrinu teljum okkur upplýst um atburðina á Gaza. Það erum við ekki. Myndirnar, sem okkur eru sýndar, eru sérvaldar. Athugasemdirnar með þeim duga ekki til skilnings. Við erum leidd á villigötur af ásetningi. Andstæðar skoðanir eru ritskoðaðar.“

Bandaríski blaðamaðurinn, Michael Shellenberger, kallar þetta „ritskoðunariðnaðarsamsteypuna“ (censorship industrial complex). Hún teygir heljarhramma sína víða um heim. Í Bandaríkjunum er Renée DiResta ein af aðalsprautunum, rannsóknastjóri við „Stanford alnetsathuganastöðina“ (Stanford Internet Observatory).

Renée er beintengd við Leyniþjónustu Bandaríkjanna og „Utanríkismálaráðið“ (Council on Foreign Relations), en það stefnir að Alheimsstjórn (One World Government). Renée hefur m.a. haft alvarleg afskipti af kosningum, hún er hættuleg og þarf að sækja til saka, segir Michael. Renée er falsfréttadrottning.

Thierry heldur áfram: „Í fyrsta sinni verður veröldin vitni að glæpi gegn mannkyni í beinni útsendingu. Bandaríkin og Ísrael, sem sneru bókum saman fyrir löngu síðan, munu þurfa að standa skil á gjörðum sínum fyrir fjöldamorðin á Gaza. Hvarvetna, nema í Evrópu, kalla ríkisstjórnir heim sendiherra sína frá Tel Aviv. Á morgun kveðja þeir líka Washington. Allt er á sömu bókina lært og þegar Ráðstjórnarríkin liðu undir lok. Og þessu mun lykta á sama hátt. Tilvist bandaríska heimsveldisins er ógnað. Hnignun þess verður ekki stöðvuð.“

Í sláurtíðinni miðri starfa áróðursfélög ísraelskra stjórnvalda og aðdáanda þeirra á fólki, sem efast um aðgerðir Ísraels og hins frjálsa lýðræðisheims á Vesturlöndum. Þau eru fjölmörg eins og „Bandarísk-ísraelska ráðið um opinber málefni“ (AIPAC – American Israel Public Affairs Committee) og „Æruverndarbandalagið“ (ADL – Anti-Defamation League).

Nýlega krafðist David Friedman, fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna í Ísrael, þess í bréfi, að Nýju-Jórvíkur háskóli skerði málfrelsi þeirra, sem ekki tjá réttar skoðanir. Titill bréfsins er: „Erindi frá samfélagi Gyðinga við Nýju-Jórvíkur háskóla.“ Það er hvorki meira né minna en 27 síður og má nálgast í grein Alexander Rubinstein á Greyzone – bannað á Fésbók.

Eins og ýjað var að fjölgar drápstólum á vegum Bandaríkjamanna umhverfis Miðausturlönd, þ.e. til viðbótar herstöðvum á svæðinu. Samtímis fjölgar árásum bæði á Ísrael og Bandaríkin frá andstöðuhópum í Líbanon, Írak, Sýrlandi og Jemen. Hútí (Houthi) uppreisnarmenn, þar um slóðir, segjast hafa hertekið flutningaskip með tengsl við Ísrael. Þessi hópur gæti sem hægst lokað umferð um Rauðahaf með vondum afleiðingum fyrir efnahag heimsins. Tæpar sextíu árásir hafa t.d. verið gerðar á bandarískar herstöðvar. Svæðið er eins og púðurtunna.

Bandaríkjamenn eru greinilega örvinglaðir. Stríðshættan eykst með aukinni örvinglun. Bandaríkjamenn, hin einstaka þjóð, hugprúð og frjáls, og Ísraelar, Guðs útvalda þjóð, hafa tapað áróðursstríðinu og sambönd þeirra við önnur ríki í Miðausturlöndum rakna.

Uppbyggilegt frumkvæði til friðar, samvinnu og verslunar, kemur ýmist frá Kína eða Múhameðstrúarmönnum sjálfum, enda þótt rýr hafi verið eftirtekjan af fundi þeirra nýlega – til skamms tíma litið.

p.s. Til hugsanlegra lesenda úr flokki kristilegra jafnaðarmanna: Ég hata hvorki Gyðinga né Bandaríkin. Auk þess harma ég ofbeldi Palestínnumanna.

<https://www.indianpunchline.com/us-embarks-on-proxy-war-against-iran/>

<https://www.reuters.com/world/middle-east/israel-says-houthis-seize-ship-red-sea-no-israelis-among-owners-or-crew-2023-11-19/>

<https://laroucheorganization.com/article/2023/11/15/world-citizens-unite-against-city-london-and-wall-street>

[https://articles.mercola.com/sites/articles/archive/2023/11/20/media-ruled-by-robust-psyop-alliance.aspx?ui=50823ccf152775dc8e8154c0ff79da522ef0aa959b384df904857f2fc49c6730&sd=20221129&cid\\_source=dnl&cid\\_medium=email&cid\\_content=art1ReadMore&cid=20231120&foDate=false&mid=DM1493557&rid=1970592225](https://articles.mercola.com/sites/articles/archive/2023/11/20/media-ruled-by-robust-psyop-alliance.aspx?ui=50823ccf152775dc8e8154c0ff79da522ef0aa959b384df904857f2fc49c6730&sd=20221129&cid_source=dnl&cid_medium=email&cid_content=art1ReadMore&cid=20231120&foDate=false&mid=DM1493557&rid=1970592225)

<https://indianexpress.com/article/world/china-saudi-arabia-sign-currency-swap-agreement-9034841/>

<https://www.globalresearch.ca/will-palestine-ever-free-understanding-elite-strategy-global-context/5840430>

<https://www.voltairenet.org/article219991.html>

<https://www.voltairenet.org/article220031.html>

<https://www.globalpolitics.se/cnn-israels-forre-preminarminister-sager-att-israel-byggt-tunnlarna-under-al-shifa-sjukhuset-och-att-det-inte-ar-visat-at-hamas-bas-finns-dar/>

<https://www.globalresearch.ca/5-nations-call-icc-investigation-israel-genocide-gaza/5840779>

[https://cjhopkins.substack.com/p/the-hate-machine?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=298057&post\\_id=139046045&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm\\_medium=email](https://cjhopkins.substack.com/p/the-hate-machine?utm_source=post-email-title&publication_id=298057&post_id=139046045&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email)

<https://www.youtube.com/watch?v=xoBb830Ggs4>

<https://www.youtube.com/watch?v=r2Kn-r0UsSE>

[https://cjhopkins.substack.com/p/why-ridiculous-official-propaganda?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=298057&post\\_id=138945148&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm\\_medium=email](https://cjhopkins.substack.com/p/why-ridiculous-official-propaganda?utm_source=post-email-title&publication_id=298057&post_id=138945148&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email)

<https://www.globalpolitics.se/israeliskt-bedrageri-avslojat-det-fanns-ingen-kommandocentral-under-al-shifa-sjukhuset/>

<https://www.ynet.co.il/news/article/b111niukzt>

[https://julianmacfarlane.substack.com/p/zionist-terror?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=837411&post\\_id=138749079&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=103ae5&utm\\_medium=email](https://julianmacfarlane.substack.com/p/zionist-terror?utm_source=post-email-title&publication_id=837411&post_id=138749079&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=103ae5&utm_medium=email)

<https://www.youtube.com/watch?v=rzXS3tmZrcU>

<https://www.youtube.com/watch?v=MuDstZvaGbE>

[https://covertactionmagazine.com/2023/11/17/geography-and-history-render-the-us-the-safest-country-in-the-world-yet-it-spends-far-more-than-any-other-country-on-its-military/?mc\\_cid=de1356880e&mc\\_eid=5cd1ec03b1](https://covertactionmagazine.com/2023/11/17/geography-and-history-render-the-us-the-safest-country-in-the-world-yet-it-spends-far-more-than-any-other-country-on-its-military/?mc_cid=de1356880e&mc_eid=5cd1ec03b1)

[https://covertactionmagazine.com/2023/11/20/corporate-war-profiteers-finally-put-on-trial/?mc\\_cid=de1356880e&mc\\_eid=5cd1ec03b1](https://covertactionmagazine.com/2023/11/20/corporate-war-profiteers-finally-put-on-trial/?mc_cid=de1356880e&mc_eid=5cd1ec03b1)